RAUNVÍSINDASTOFNUN HÁSKÓLANS
SCIENCE INSTITUTE · UNIVERSITY OF ICELAND
DUNHAGA 3 · REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. febrúar 1976.

Sigurgrímur Jónsson
Holti
Stokkseyrarhreppi

Kæri Sigurgrímur Jónsson.

Kærar þakkir fyrir hugulsemina, að senda mér mjög fróðlegt bréf varðandi jarðskjálftana 1896. Svona fróðleik er mikilsvert að varðveita. Sérstaklega virðast mér upplýsingarnar um, hvernig heyin í heygarðinum voru á sig komin, gefa glögga hugmynd um hvílíkur hristingurinn hefur verið. Ég er nógu gamall til að hafa alizt upp í þann tíma, þegar nær öll hey voru geymd á þennan hátt og veit því betur en yngri jarðfræðingar, hvað um var að vera.

Þinn einlægur
Sigurður Þórarinsson

SÞ/gj